

**106. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, föstudaginn 20. febrúar
2026 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Jón Stefán Laxdal og Arnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Laxdal, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. Svalbarðseyrarvegur 11 - Umsókn um byggingarheimild - S2512008

Erindi dagsett 09.12.2025 þar sem Míla ehf. sækir um byggingarleyfi til niðurrifs á tækjahúsi á lóðinni Svalbarðseyrarvegur 11, Svalbarðsstrandarhreppi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir niðurrifið með þeim skilyrðum að öll ummerki byggingarinnar verði fjarlægð.

Niðurrifið verður tilkynnt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eftir að úttekt byggingareftirlits hefur farið fram við verklok skv. 16. gr. Mannvirkjalaga.

2. Birkiland 2 - Umsókn um byggingarleyfi - E2602024

Erindi dagsett 17.02.2026 þar sem Halla Bryndís Guðmundsdóttir sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóðinni Birkiland 2, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Brynjólf Árnason.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan í athugasemdarlista.

3. Hólmatröð 3 - Raðhús - L235820 - 2505026

Erindi dagsett 10.02.2026 þar sem JS Trésmíði ehf sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir raðhús á lóðinni Hólmatröð 3, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Ívar Ragnarsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4. Kotabyggð 6 - Umsókn um byggingarleyfi - S2602010

Erindi dagsett 16.02.2026 þar sem Donald Kári Kelley sækir um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar á frístundahúsi í einbýlishús. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Valbjörn Ægir Vilhjálmsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan í athugasemdarlista.

5. Lækjarvellir 3-5 bíla og vélaverkstæði 2016 - 1612004

Erindi dagsett 03.02.2026 þar sem Haraldur Árnason sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af Lækjarvöllum 3-5, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Harald S. Árnason.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

6. Lækjarvellir 21 - Umsókn um byggingarheimild - H2601010

Erindi dagsett 22.01.2026 þar sem SKG Verktakar ehf. sækja um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir geymsluhúsnæði á lóðinni Lækjarvellir 21, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdráttir eftir Harald S. Árnason.

Skipulags og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Jón Stefán Laxdal

Arnar Ólafsson